

Fjarðabyggð  
Hafnargötu 2  
730 Reyðarfjörður

Akureyri, 17. mars 2025

## Fundarboð

Stjórn Stapa lífeyrissjóðs boðar hér með til fulltrúaráðsfundar sjóðsins, **þriðjudaginn 15. apríl nk. kl. 16:30**. Fundurinn verður rafrænn. Hlekkur á fund og upplýsingar um atkvæðagreiðslu verða sendar fulltrúum í tölvupósti þegar nær dregur fundi.

Samkvæmt grein 3.7 í samþykktum skal stjórn sjóðsins kalla saman fulltrúaráðið tvisvar á ári, að hausti og í aðdraganda ársfundar þar sem málefni sjóðsins eru rædd. Á fundinum verður m.a. farið yfir lykiltölur, breytingar á samþykktum undirbúnar fyrir ársfund og tilnefningar í stjórn sjóðsins staðfestar. Um hlutverk og starfsemi fulltrúaráðs að öðru leyti vísast í kjarasamninga.

**Fulltrúaráðið er skipað þeim sem tilnefndir voru á ársfund sjóðsins þann 2. maí 2024 sem fulltrúar þeirra aðildarfélaganna sem að sjóðnum standa.** Aðilar í fulltrúaráði frá ársfundinum eða varamenn þeirra hafa atkvæðisrétt á fulltrúaráðsfundum. Þess er hér með óskað að fulltrúi ykkar verði boðaður á fundinn.

Tilnefndur fulltrúi á síðasta ársfundi var: Snorri Styrkársson

Drög að dagskrá fundarins eru eftirfarandi:

1. Setning fulltrúaráðsfundar
2. Lykiltölur úr afkomu
3. Starfskjarastefna
4. Staðfesting tilnefninga í stjórn
5. Umfjöllun um breytingar á samþykktum
6. Önnur mál

Nánari upplýsingar veitir Kristín Hilmarsdóttir (kristin@stapi.is).

Með bestu kveðju,  
Fh. stjórnar Stapa lífeyrissjóðs

Jóhann Steinar Jóhannsson